

## Efnisyfirlit

Stjórn KÍ 2011- 2014	bls. 4
Útgáfu- og kynningarmál	bls. 7
Kjaramál	bls. 7
Skólamál	bls. 12
Frá þingkjörnum sjóðstjórnnum, nefndum og ráðum	bls. 15
Ýmsar nefndir	bls. 21
Erlent samstarf	bls. 24
Lokaorð	bls. 25

## Stjórn Kennarasambands Íslands 2011 - 2014

Á árinu 2012 áttu eftirtaldir aðilar sæti í stjórn Kennarasambands Íslands:

Þórður Á. Hjaltested	formaður
Björg Bjarnadóttir	varaformaður
Aðalheiður Steingrímsdóttir	FF
Guðbjörg Ragnarsdóttir	FG ritari
Hanna Berglind Jónsdóttir	FL
Haraldur Freyr Gíslason	FL
Ingibjörg Kristleifsdóttir	FSL
Kolbrún Elfa Sigurðardóttir	FF
Ólafur Loftsson	FG
Ólafur H. Sigurjónsson	FS, tók sæti í stjórn í júní 2012
Rósa Ingvarsdóttir	FG, tók sæti í stjórn í maí 2012
Sigrún Grendal	FT
Svanhildur María Ólafsdóttir	Sí gjaldkeri
Þorgerður Diðriksdóttir	FG, sagði sig úr stjórn í maí 2012
Þór Pálsson	FS, sagði sig úr stjórn í maí 2012

Stjórnin hefur haldið alls tíu reglulega stjórnarfundum frá síðasta ársfundi 2012 til ársfundar 2013.

Á stjórnarfundum eru tekin til afgreiðslu öll mál er varða starfsemi Kennarasambands Íslands. Þau mál sem oftast hafa verið á dagskrá eru skólamál, kjaramál, lögfræðimál, innra starf og félagsmál, styrkveitingar til fagfélaga, samskipti við ríki og sveitarfélög og lífeyrismál.

Ritun fundargerða á stjórnarfundum er í höndum Helga E. Helgasonar í samstarfi við ritara stjórnar. Ekki verður gerð grein fyrir efni stjórnarfundum í skýrslu þessari en í henni er dregið á það helsta í starfsemi sambandsins frá því síðasti ársfundur var haldinn.

Formaður og varaformaður eiga viklega fundi með skrifstofustjóra og framkvæmdastjóra orlofssjóðs. Á þeim fundum eru tekin fyrir verkefni vikunnar og ýmis mál sem upp koma í starfsmannahaldi og starfsemi KÍ.

Sú nýbreytni var tekin upp á starfsárinu að halda reglulega óformlega fundi formanna. Formaður og varaformaður KÍ ásamt formönnum aðildarfélaga hafa hist vikulega frá áramótum. Aðra vikuna eru tekin fyrir hin ýmsu mál sem brenna á formönnum, en hina vikuna hefur farið fram vinna við endurskoðun laga KÍ samanber þingsamþykkt um svokallaða millipinganefnd sem samanstendur af sama hóp. Sú vinna er komin vel á veg.

### Starfsemi á skrifstofu Kennarasambandsins í Kennarahúsinu

Starfsemi á skrifstofu Kennarasambandsins hefur að mestu leyti verið með hefðbundnum hætti frá síðasta þingi sambandsins. Breytingar sem innleiddar hafa verið á undanförunum misserum hafa nú fest sig í sessi og skipting milli þjónustusviðs og félagssviðs gengur mjög vel. Aukin miðlæg þjónusta á félagssviði hefur nýst vel með tilkomu þriggja þjónustufulltrúa sem starfa fyrir KÍ,

vinnuumhverfisnefnd, jafnréttisnefnd, siðaráð og aðildarfélög, aðallega FG og FL, en skilgreind afmörkuð verkefni eru einnig unnin þar fyrir FF.

Á árinu hafa starfslýsingar allra starfsmanna verið endurskoðaðar í tengslum við endurskoðun á verkaskiptingu og verkferlum. Skipulag stjórnunar og ábyrgðar var einnig endurskoðað.

## **Þjónustusamningar**

Á árinu var lokið við gerð þjónustusamninga við alla sjóði en í því felst að sjóðirnir ráða ekki lengur sérstaka starfsmenn heldur sjá starfsmenn KÍ um að vinna þau störf sem nauðsynleg eru á vettvangi hvers sjóðs fyrir sig. Þjónustusamningar eru endurskoðaðir árlega fyrst um sinn meðan þeir eru að festa sig í sessi. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel og er hagkvæmara en gamla kerfið.

Þjónustusamningunum fylgir tæmandi listi yfir þau verkefni sem KÍ ynnir af hendi fyrir sjóðina og skilgreining á því hver vinnur hvaða verk.

## **Starfsmenn á Félagssviði**

**Þórður Árni Hjaltsted** formaður Kennarasambandsins er í fullu starfi og er formaður kjararáðs og sinnir kjara-, félags- og skólamála. Hann fylgist með starfsemi nefnda Kennarasambandsins og starfi aðildarféлага KÍ og aðstoðar þau að því leyti sem þurfa þykir hverju sinni. Hann sinnir samskiptum við önnur samtök launafólks, fjölmiðla og aðra sem Kennarasambandið á samstarf við. Formaður stýrir félagssviði og sinnir auk þess erlendu samstarfi.

**Björg Bjarnadóttir** varaformaður Kennarasambandsins og staðgengill formanns er í fullu starfi og sinnir skóla-, félags og kjaramálum. Björg er formaður skólamálaráðs og talsmaður KÍ í skólamála. Norrænt samstarf, fræðslu- og kynningarmál eru innan hennar verksviðs. Einnig sinnir hún starfsmannamálum og stýrir þróunarverkefninu „Virkur vinnustaður“ í samstafi við VIRK.

**Erna Guðmundsdóttir** lögfræðingur KÍ í hálfu starfi hefur aðsetur í Borgartúni 6. Erna annast öll almenn lögfræðistörf fyrir KÍ, félögin og sjóði.

**Hafdís D. Guðmundsdóttir** þjónustufulltrúi á félagssviði í 75% starfhlutfalli og sinnir störfum fyrir KÍ, m.a. vegna vinnuumhverfisnefndar, siðaráðs og jafnréttisnefndar, ásamt skilgreindum verkefnum fyrir FF.

**Ingibjörg Úlfarsdóttir** sérfræðingur í kjara- og réttindamálum sér um að svara erindum sem berast og varða launa- og réttindamál. Þau mál sem þarfnast frekari vinnslu sendir hún áfram til formanns viðkomandi félags eða formanns KÍ til frekari skoðunar.

**Kristín Elfa Guðnadóttir** útgáfustjóri KÍ ritstýrir Skólavörðunni, vefriti, fréttaplutningi á heimasíðu KÍ, árlegri útgáfu Ferðablaðs og árlegri útgáfu Handbókar kennara. Útgáfustjóri ber ennfremur ábyrgð á og hefur umsjón með annarri útgáfu á vegum KÍ og aðildarféлага. Kristín hefur verið í 50% starfi síðastliðið ár vegna veikinda.

**Guðlaug Guðmundsdóttir** verkefnastjóri í útgáfumálum. Ráðin tímabundið vegna veikinda útgáfustjóra.

**Arna M. Eggertsdóttir** ráðin tímabundið vegna verkefna í skjalastjórnun.

**Oddur S. Jakobsson** hagfræðingur KÍ sinnir hagfræðistörfum fyrir KÍ og aðildarfélögin.

**Ragnhildur S. Björnsdóttir** vef- og skjalastjóri KÍ. Hún sér um vef KÍ ásamt rafrænni mála- og skjalastjórnun.

**Sesselja G. Sigurðardóttir** þjónustufulltrúi á félagssviði sinnir málefnum KÍ, FL og FG. Sesselja sinnir einnig verkefnum fyrir sjúkra- og endurmenntunarsjóði.

**Þröstur Brynjarsson** þjónustufulltrúi á félagssviði sinnir málefnum KÍ, FL og FG. Þröstur sinnir einnig verkefnum fyrir sjúkra- og endurmenntunarsjóði. Hann er tengiliður við stjórn Vísindasjóðs leikskólans.

**Ólafur Loftsson** formaður FG sinnir störfum fyrir Félag grunnskólakennara.

**Guðbjörg Ragnarsdóttir** varaformaður FG sinnir störfum fyrir Félag grunnskólakennara.

**Aðalheiður Steingrímsdóttir** formaður FF sinnir störfum fyrir Félag framhaldsskólakennara.

**Anna María Gunnarsdóttir** sinnir störfum fyrir Félag framhaldsskólakennara og er í hlutastarfi.

**Elna Katrín Jónsdóttir** sinnir störfum fyrir Félag framhaldsskólakennara og er í hlutastarfi.

**Svanhildur M. Ólafsdóttir** formaður SÍ sinnir störfum fyrir Skólastjórafélag Íslands.

**Sigrún Grendal Jóhannesdóttir** formaður FT sinnir störfum fyrir Félag tónlistarskólakennara.

**Elín Anna Ísaksdóttir** sérfræðingur hjá FT í 20% starfi.

**Haraldur Freyr Gíslason** formaður FL sinnir störfum fyrir Félag leikskólakennara.

**Ingibjörg Kristleifsdóttir** formaður FSL sinnir störfum fyrir Félag stjórnenda leikskóla.

## **Starfsmenn á Þjónustusviði**

**Hannes Þorsteinsson** skrifstofustjóri KÍ sér um daglegan rekstur skrifstofu, hefur umsjón með eignum sambandsins, fjármálum og rekstri. Skrifstofustjóri situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétt samkvæmt sérstakri samþykkt stjórnar. Skrifstofustjóri er yfirmaður þjónustusviðs.

**Ásta St. Eiríksdóttir** gjaldkeri sjóða er tengiliður KÍ við Íslandsbanka sem sér um innheimtu félags- og sjóðagjalda KÍ.

**Hrönn Steingrímsdóttir** móttökuritari og annast móttöku, símsvörun og umsýslu á pósti auk daglegra starfa er til falla á skrifstofu KÍ.

**Hanna Dóra Þórisdóttir** framkvæmdastjóri Orlofssjóðs sér um allan daglegan rekstur og fjármál sjóðsins. Hanna Dóra sér einnig um daglega verkstjórn á þjónustusviði KÍ og heldur utan um viðveruskrá.

**Ingunn Þorleifsdóttir** sinnir ræstingum í Kennarahúsinu.

**María Norðdahl** þjónustufulltrúi, starfsmaður Sjúkrasjóðs og endurmenntunarsjóða tekur við umsóknum og sér um afgreiðslu þeirra í samræmi við ákvarðanir sjóðstjórnar.

**Ragnheiður Ármannsdóttir** þjónustufulltrúi, starfsmaður Orlofssjóðs í hlutastarfi.

**Fjóla Ósk Gunnarsdóttir** þjónustufulltrúi, er í hlutastarfi og hefur umsjón með félagatali og sinnir verkefnum fyrir aðildar- og sérfélög sem tengjast félagaskránni.

**Sigrún Harðardóttir** þjónustufulltrúi, starfsmaður Sjúkrasjóðs og endurmenntunarsjóða tekur við umsóknum og sér um afgreiðslu þeirra í samræmi við ákvarðanir sjóðstjórnar.

**Stella Kristinsdóttir** sér um matseld í hádegi. Auk þess sér Stella um sölu auglýsinga í miðla KÍ, afleysingar á síma og fleira.

## **Breytingar á starfsliði í Kennarahúsinu frá ársfundi 2012**

**Fjóla Ósk Gunnarsdóttir** hóf störf 10. desember 2012.

**Arna Eggertsdóttir** er ráðin tímabundið frá 1. ágúst 2012 vegna flokkunar eldri skjala og skjalavörslu.

**Guðlaug Guðmundsdóttir** er ráðin tímabundið frá 1. ágúst 2012.

**Elín Anna Ísaksdóttir** hóf störf hjá FT 1. september 2012.

**Sigríður Sveinsdótti** lét af störfum 31. desember 2012.

Starfsmannafundir eru haldnir hálfsmánaðarlega. Forysta sambandsins hefur áfram lagt áherslu á að auka og bæta vinnuumhverfi starfsmanna KÍ. Meðal annars hafa verið gerðar nýjar starfslýsingar fyrir öll störf og skipurit sem skýrir boðleiðir og verkaskiptingu starfsmanna. Vinna við heildstæða starfsmannastefnu er langt komin. KÍ er áfram þátttakandi í þróunarverkefninu „Virkur vinnustaður“ sem hófst haustið 2012 og lýkur árið 2014. Verkefnið snýst um að móta og innleiða stefnu um velferð, fjarvistir og endurkomu til vinnu með áherslu á jákvæða og heilsusamlega nálgun, þarfagreiningu og stefnumótun. Á árinu 2013 er lögð áhersla á heilsueflingu með margvíslegum hætti. Starfsmenn hafa tekið þátt í námskeiðum og fræðslu um málaflokkinn.

## **Lögfræðistörf fyrir KÍ**

Erna Guðmundsdóttir lögfræðingur er í fullu starfi fyrir KÍ og BHM. Aðalstarfsstöð hennar er í húsnæði BHM í Borgartúni 6. Starfshlutfall skiptist jafnt milli samtakanna. Erna sinnir fjölbreyttum lögfræðistöfum fyrir KÍ og félögin. Auk Ernu hafa lögmannsstofurnar Lögmennt Mörkinni og Löggarður

unnið lögfræðistörf fyrir KÍ. Með því að hafa í senn reyndan lögfræðing í föstu starfi og um leið aðgang að öðrum reyndum lögmonnum getur KÍ tryggt félagsmönnum sínum þá bestu þjónustu sem í boði er á þessu sviði. Verkefni lögfræðings KÍ eru margvísleg og áhrifa efnahagshrunsins gætir ennþá í starfsmannamálum þar sem mikið reynir á túlkun laga, reglugerða og kjarasamninga. Kostnaður KÍ vegna lögfræðimála hefur aukist vegna þessa.

## Fræðslunefnd

Fræðslunefnd var sett á laggirnar haustið 2012. Nefndin er þannig skipuð:

Björg Bjarnadóttir	formaður,
Anna María Gunnarsdóttir	FF
Elín Anna Ísaksdóttir	FT
Fjóla Þorvaldsdóttir	FL
Guðbjörg Ragnarsdóttir	FG
Ingibjörg Kristleifsdóttir	stjórnendafélögin FS, FSL, SÍ.

Hlutverk nefndarinnar er að fylgja eftir samþykktum þings KÍ um fræðslumál og skipuleggja sameiginlega fræðslu á vegum KÍ fyrir hvert kjörtímabil/skólaár í samráði við stjórn KÍ. Nefndin hefur haldið 4 fundi. Meginverkefni nefndarinnar var að skipuleggja opna fræðslufundi sem haldnir voru í febrúar og mars og að ræða um og undirbúa svokallaða forystufræðslu sem áformað er að koma á laggirnar.

## Fundir og erindrekstur

Félög innan KÍ hafa lagt metnað sinn í að sinna öflug fræðslu- og kynningarstarfi, s.s. trúnaðarmannafundi, námskeið og skólaheimsóknir, en allir þessi þættir eru fastir liðir í starfsemi félaganna. Í febrúar og mars voru haldnir átta opnir félagsfundir um land allt undir yfirskriftinni „Að standa með kennurum“. Á fundina mættu formaður og varaformaður KÍ. Formaður flutti erindið „Látum ekki menntun gjalda kreppunnar“ og varaformaður flutti erindið „Hvers vegna KÍ?“. Einnig var Jóhann Ingi Gunnarson sálfræðingur með í för og nefndi hann erindi sitt „Þú getur – hver sagði að það yrði auðvelt“. Upptaka af fundinum sem haldinn var í Flensborgarskóla í Hafnarfirði var birt á heimasíðu KÍ.

## Fjárvörsluráð

Fjárvörsluráð tók til starfa haustið 2011. Ráðið er þannig skipað:

Þórður Á. Hjaltested	formaður KÍ,
Björg Bjarnadóttir	varaformaður KÍ,
Svanhildur María Ólafsdóttir	gjaldkeri KÍ,
Ingibergur Elíasson	formaður Vinnudeilusjóðs KÍ,
Oddur Jakobsson	hagfræðingur KÍ,
Hannes Þorsteinsson	skrifstofustjóri KÍ.

Fjárvörsluráð sem er ráðgefandi fyrir stjórn KÍ fundaði einu sinni á árinu. Ráðið fór yfir stefnu KÍ í ávöxtun fjármuna og hvernig fjármunir hafa ávaxtast á árinu. Einnig var farið yfir stöðu og afkomu félagssjóðs og aðildarfélaganna og þróun peningamála í samfélaginu. Á grundvelli þessarar skoðunar var ákveðið að leggja til óbreytta stefnu í ávöxtun fjármuna fyrir árið 2013. Var sú tillaga samþykkt í stjórn KÍ.

## Útgáfu- og kynningarmál

Á árinu voru gefin út tvö tölublöð Skólavörðunnar bæði að hausti til þar sem ekki náðist að gefa út blaðið á vorönn vegna aðstæðna í starfsmannahaldi. Sérblað með Fréttablaðinu var gefið út á alþjóðadegi kennara 5. október undir yfirskriftinni „Stöndum með kennurum“, en hún var fengin frá alþjóðasamtökum kennara EI. Alþjóðasamtökin gáfu einnig út fjögur veggspjöld sem KÍ lét prenta og sendi í alla leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskóla landsins. Þema veggspjaldanna var „Látum ekki menntun gjalda kreppunnar“. Tilgangurinn með veggspjöldunum er að fá samfélagið til að hafna niðurskurði fjárframlaga til menntamála um leið og þau eru hugsuð sem verkfæri fyrir kennara og annað skólafólk til að vekja athygli á þeim alvarlegu afleiðingum sem niðurskurðurinn hefur til langs tíma. Ferðablað Orlofssjóðs KÍ og Handbók kennara komu út að venju og skýrsla um starfsemi KÍ var gefin út í tengslum við ársfund. Fréttaflutningur á heimsíðu KÍ var efldur og upplýsingaflæði til félagsmanna aukið með því að dreifa upplýsingum í nafni aðildarfélaganna á facebook, en öll félögin hafa opnað síður á þeirri samskiptasíðu. Rafrænt fréttabréf KÍ Eplið hefur komið út reglulega frá hausti 2012 eftir nokkurt hlé.

Starfshópur um útgáfumál hefur starfað allt árið. Hann vinnur að endurnýjun vefjar KÍ og endurskoðun á útgáfu- og kynningarmálum sambandsins. Í hópnum eru Aðalheiður Steingrímsdóttir, Björg Bjarnadóttir, Ólafur Loftsson og Hannes Þorsteinsson.

## Kjaramál

Kjararáð Kennarasambands Íslands hefur haldið þrjá fundi frá síðasta ársfundi. Kjararáð eða fulltrúar þess hafa tekið þátt í málþingum og ráðstefnum á árinu. Á fundunum var einkum fjallað um kjaramál og kjarapróun og endurskoðun lífeyriskerfisins. Samninganefndir FF og FS, FG og FSL funduðu sérstaklega mikið á starfsárinu með tilheyrandi kostnaði þar sem unnið var í samræmi við bókarnir í kjarasamningum. Sjá nánar umfjöllum um kjaramál aðildarféлага síðar í skýrslunni.

Samtök atvinnulífsins og ASÍ endurskoðuðu kjarasamninga á grundvelli forsendunefndar. Í kjölfar breytinga á kjarasamningum þeirra virkjuðust sambærileg ákvæði í kjarasamningum aðildarféлага KÍ. Oddur Jakobsson hagfræðingur KÍ var skipaður af hálfu aðildarféлага KÍ sem semja við SNS til þess að semja um sambærilegar breytingar á kjarasamningum félaganna og gerðir voru við ASÍ. Það gekk eftir og voru gerðar sambærilegar breytingar og ASÍ gerði sem felur í sér styttingu á gildistíma kjarasamninga um tvo mánuði og bókun um 0,1% hækkun á framlagi í sjóði sem skilgreint verður í næstu samningalotu hvers aðildarfélags. FF og FS gerðu sambærilega breytingu á sínum kjarasamningi eftir viðræður við SNR.

Kjarastefna sambandsins felur í sér nýja nálgun í kjaramálum. Samkvæmt kjarastefnu fer KÍ fram á að laun félagsmanna séu metin út frá skilgreiningum samkvæmt stöðlum Hagstofunnar um

háskólamenntaða sérfræðinga. Ljóst er að gildi menntunar er lítt metið til launa á Íslandi og gerir KÍ kröfu um að það sé tekið til endurskoðunar.

Í október var sú stefna mörkuð að nýta lengingu kennaranáms sem tækifæri í kjarabaráttu félagsmanna Kennarasambands Íslands. Kjararáð fól forystu KÍ og formönnum aðildarfélaganna að útfæra stefnuna og hafa þeir síðan haldið reglulega fundi um þessi mál. Skýrir það meðal annars færri formlega fundi kjararáðs á starfsárinu. Á fundum formanna hefur mikil umræða verið um mögulega samvinnu aðildarfélaganna á sviði kjaramála. Mikill vilji er til þess að þróa þá vinnu áfram. Aðildarfélög sem semja við SNS boðuðu til sameiginlegs fundar um þessi mál í mars mánuði og flutti formaður KÍ inngangserindi og Oddur Jakobsson hagfræðingur KÍ lagði fram hugmyndir til umræðu. Á fundinum sköpuðust góðar og málefnalegar umræður og farið var í SVÓT greiningu sem aðildarfélögin munu nota til áframhaldandi vinnu.

Á fundum formanna hefur einnig verið rætt um mikilvægi þess að félögin skilgreini sameiginlega framtíðarsýn á kennarastarfið. Sú umræða fer fram í nágrannalöndum okkar og hafa EI, ETUCE og OECD sent frá sér stefnumótandi rit um málið.

Í kjararáði sitja auk formanns og varaformanns KÍ formenn félaga og einn fulltrúi að auki frá hverju félagi. Í ráðinu sitja tveir fulltrúar Félags kennara á eftirlaunum.

## Fulltrúar í kjararáði

Þórður Á. Hjaltested	KÍ
Björg Bjarnadóttir	KÍ
Aðalheiður Steingrímsdóttir	FF
Ægir Sigurðsson	FF
Haraldur Freyr Gíslason	FL
Hulda Þorbjörg Stefánsdóttir	FL
Ólafur Loftsson	FG
Sigurjón Magnússon	FG
Svanhildur M. Ólafsdóttir	SÍ
Þórður Kristjánsson	SÍ
Sigrún Grendal	FT
Júlíana Rún Indriðadóttir	FT
Ólafur H. Sigurjónsson	FS
Sigríður Ágústsdóttir	FS
Ingibjörg Kristleifsdóttir	FSL
Oddfríður Steindórsdóttir	FSL
Hinrik Bjarnason	FKE
Kristín G. Ísfeld	FKE.

Hagfræðingur KÍ Oddur Jakobsson situr fundi kjararáðs og tekur þátt í undirbúningi þeirra í samstafi við formann KÍ. Oddur hefur undirbúið og haldið erindi á fundum ráðsins. Oddur hefur einnig verið með kynningar á samninganefndarfundum aðildarfélaganna og komið að kjarasamningavinnu allra aðildarféлага KÍ.



## Kjarasamningar

### Félag leikskólakennara

Á árinu fór fram mikil vinna vegna fylgiskjals 3 í kjarasamningi FL og SNS um markmið, aðgerðir og áætlun til launajöfnunar. Samningsaðilar ákváðu að láta fara fram endurskoðun á kjörum leikskólakennara. Endurskoðunin hafði það markmiði að jafna grunnlaun og starfskjör þeirra við kjör annarra háskólamenntaðra starfsmanna er sinna sambærilegum störfum, þannig að laun og önnur kjör leikskólakennara yrðu samkeppnisfær við kjör samanburðarhópa. Myndaðir voru starfshópar til að vinna verkið. Í starfshópi FL voru: Haraldur F. Gíslason, Eiríkur Jónsson og Oddur Jakobsson. Í starfshópi SNS voru: Inga Rún Ólafsdóttir, Benedikt Valsson ásamt Halli Páli Jónssyni sem var framan af ári fulltrúi Reykjarvíkurborgar en lét af störfum áður en nefndin lauk störfum. Ábyrgðarnefnd var yfir verkefninu í henni áttu sæti: Björg Bjarnadóttir, Karl Björnsson og Magnús Jónsson. Starfshópurinn hélt fjölmarga fundi til að vinna að skýrslu um greiningu á launum félagsmanna FL og annarra starfsstétta. Aðilar komu sér ekki saman um alla þætti í skýrslunni svo gerðar voru tvær skýrslur, ein frá hvorum aðila. Málið fór alla leið til ábyrgðarnefndarinnar sem úrskurðaði um fyrstu tvö þrep leiðréttingarinnar 1. september 2012 og 1. september 2013 út frá þeim gögnum sem aðilar höfðu aflað. Þriðja þrep leiðréttingarinnar kemur svo til umfjöllunar fjórum mánuðum eftir undirritun nýs kjarasamnings árið 2014.

### Félag stjórnenda leikskóla

FSL samdi um sömu prósentuhækkanir og aðrir á vordögum 2011. Umfram almennar prósentuhækkanir var samið um aukið stjórnunarhlutfall aðstoðarleikskólastjóra, launaflokkum var fjölgað miðað við stærð leikskóla og símenntunarflokkar voru settir inn í föst laun. Bókun var gerð um endurskoðun kjarasamnings. Stofnaður var starfshópur til þess að endurmeta hlutverk, ábyrgð og auknar kröfur til skólastjórnenda í leikskólum með tilliti til framþróunar í starfi leikskólans. Einkum átti að endurskoða 1. kafla um laun og 10. kafla um starfsþróun. Greidd yrðu atkvæði um breytingar í lok nóvember 2012. FSL lagði fram margar hugmyndir á þeim 5 fundum sem haldnir voru frá september fram í janúar m.a. með þau markmið að fá fastlaunasamning fyrir alla félagsmenn, leiðrétt launaröðun aðstoðarleikskólastjóra og tryggja réttindi félagsmanna til námsleyfa. SNS stendur fast á því að engu verði breytt og engin sveigjanleiki eða vilji hefur komið fram af hennar hálfu til þess að gera breytingar og hefur þar með svikið það loforð að félagar FSL fengju nýjan kjarasamning til þess að greiða atkvæði um. Næsta skref er að skoða samvinnugrundvöll með Skólastjórafélagi Íslands og hvort að tækifæri leynist þar sem hagur væri í fyrir bæði félög.

### Félag grunnskólakennara

Kjarasamningar Félags grunnskólakennara voru lausir frá 29. febrúar 2012. Kjaradeila FG og Sambands íslenskra sveitarfélaga fór í hnút þrátt fyrir marga samningafundi og endaði því hjá sáttasemjara. Stjórn, samninganefnd og svæðaformenn héldu fundi með kennurum víða um land í vetur. Farið var í marga skóla, trúnaðarmannafundir haldnir og opnir samráðsfundir með kennurum. Á fundunum var farið var yfir stöðu kjaramála og hvaða hugmyndir félagsmenn hefðu um framhald þeirra. Ætla má að forysta FG hafi fundað á annað þúsund kennurum áður en samkomulag náðist. Ríkissáttasemjari lagði til við samninganefndirnar að viðræðuáætlun yrði endurnýjuðu til 28. febrúar 2014. Hann lagði auk þess til að laun félagsmanna hækkuðu þann 1. mars 2013 um 4% en laun á almenna markaðnum hækkuðu um 3,25%. Framlag annað hvort til Vonarsjóðs eða Sjúkrasjóðs KÍ yrði hækkað í áföngum um 0,1% eigi síðar en 1. janúar 2015, en það á að útfæra nánar í næsta kjarasamningi. Annaruppbætur verða 69.000 kr. í júní og desember 2013 eins og samið var um 2011.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Skólastjórafélag Íslands og Félag grunnskólakennara hafa ákveðið að standa sameiginlega að greiningu á framkvæmd stefnunnar „Skóli án aðgreiningar“, hvort markmiðum hafi verið náð og hvernig eigi að starfa að þeim markmiðum í framhaldinu. Að auki munu sömu aðilar ræða um hvernig staðið skuli að innleiðingu aðalnámskrár grunnskóla. Á næstu vikum munu þessir aðilar gera áætlun um framkvæmd verkefnisins.

### **Skólastjórafélag Íslands**

Vinna við kröfugerð Skólastjórafélags Íslands vegna kjarasamninga 2014 hófst á ársfundi félagsins 13. október 2012. Þar komu fram hugmyndir, sjónarmið og ábendingar frá deildarstjórum, aðstoðarskólastjórum og skólastjórum um kröfur og hvað mætti betur fara í kjarasamningi Skólastjórafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Unnið var úr þessum gögnum á vinnufundi stjórnar, samninganefndar, kjararáðs og skólamálanefndar 28. febrúar - 1. mars, sett fram drög að markmiðum til 2024 og þeim forgangsraðað. Meginmarkmiðin eru að laun skólastjórna verði sambærileg launum sérfræðinga og stjórnenda hjá ríki og á almennum vinnumarkaði. Að laun og launaröðun skólastjórna byggist á námi, stjórnunarreynslu og stjórnunarumfangi hvers skóla. Á vinnufundinum var einnig rætt um samræmingu á kjarasamningum Skólastjórafélags Íslands og Félags stjórnenda í leikskólum. Vilji var til að skoða þær hugmyndir frekar og vinna með FSL að því að samræma kjarasamninga eins og kostur væri og nauðsynlegt vegna samrekstrar skóla.

### **Félag framhaldsskólakennara og Félag stjórnenda í framhaldsskólum**

Gildandi kjarasamningur KÍ/framhaldsskóla við fjármálaráðherra var gerður vorið 2011 og honum fylgdi sérstakt samkomulag við menntamálaráðherra um aðlögun kennarastarfsins og efni kjarasamninga að framhaldsskólalögum 2008. Skýrsla starfshóps sem gerði tillögur á grundvelli samkomulagsins var notuð við samningagerð á grundvelli bókunar 2 með kjarasamningnum sumarið og haustið 2012. Breytingar samkvæmt samkomulagi samninganefnda FF og FS og samninganefndar ríkisins voru bornar undir atkvæði félagsmanna en var hafnað af miklum meirihluta þeirra. Launahækkanir samkvæmt samkomulaginu hefðu orðið um 3% til viðbótar gildandi kjarasamningi en samkomulaginu fylgdu einnig áform um endurskoðun vinnutímakafla kjarasamnings og skilgreint fé til kaupa á vinnu við námskrárgerð og aðra innleiðingavinnu vegna framhaldsskólalaga og til að styrkja náms- og starfsráðgjöf og nýliða í kennslu. Gildistími kjarasamningsins frá vori 2011 var stytur um tvo mánuði með samkomulagi við ríkið í febrúar 2013 og aðrar breytingar gerðar í samræmi við ákvarðanir samningsaðila á almennum markaði. Kjarasamningur KÍ/framhaldsskóla rennur út 31. janúar 2014. Síðasta prósentuhækkun skv. gildandi kjarasamningi kom inn 1. mars sl. en eingreiðsla kr. 38.000 kr. kemur til útborgunar 1. janúar 2014 m.v. fullt starf en annars hlutfallslega. Samningaviðræður um endurnýjun kjarasamnings þurfa í síðasta lagi að hefjast um miðjan desember 2013 m.v. tímafresti laga um gerð og framkvæmd viðræðuáætlana en eiginlega fyrir vegna tafa við samningavinnu kringum jólin. Frá því samkomulagið við ríkið var fellt í atkvæðagreiðslu sl. haust hafa hvorki menntamálaráðherra né fjármálaráðherra sýnt áhuga á að taka upp viðræður að nýju eða með öðrum hætti að skila fjármunum til framhaldsskólanna sem hafa verið rifnir út úr rekstri þeirra með gegndarlausum niðurskurði mörg undanfarin ár. Margítrekaðar ábendingar FF og FS á undanförunum mánuðum um hættuástand í framhaldsskólum vegna niðurskurðar og hraklegrar launastöðu KÍ starfsfólks miðað við samanburðarhópa hafa ekki verið teknar alvarlega. Veruleg hætta er á að upp úr sjóði á næstu mánuðum vegna ósanngjarns launamunar og erfiðra starfsskilyrða í skólunum.

## Lífeyrismál

Kennarasamband Íslands hefur á umliðnum misserum tekið þátt í starfi tveggja hópa um lífeyrismál með öðrum aðilum vinnumarkaðarins. Annar hópurinn starfar á grunni Stöðugleikasáttmálans svokallaða frá árinu 2009. Í honum hefur verið fjallað um kosti og galla núverandi fyrirkomulags lífeyrismála en hópnum er einnig ætlað að koma með tillögur um framtíðarskipan þeirra. Gengið er út frá þeirri hugmynd að eitt lífeyriskerfi geti tekið gildi fyrir alla landsmenn. Í hinum hópnum er fjallað um málefni LSR einkum út frá fjórum sjónarhornum. Í fyrsta lagi er fjallað um með hvaða hætti inngreiðslum vegna skuldar ríkisins í B-deild verði háttað. Í öðru lagi er rætt um mögulegar útfærslur á aðlögun opinberra lífeyrissjóða að nýju lífeyriskerfi fyrir allan vinnumarkaðinn. Í þriðja lagi er fjallað um hvernig hægt sé að jafna launamun á milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins samhliða jöfnun lífeyrisréttinda og í fjórða lagi er reynt að meta hvaða breytingar þarf að gera á umgjörð og lögum sem nú gilda um opinberu lífeyrissjóðina verði tekið upp nýtt kerfi fyrir allan vinnumarkaðinn. Eiríkur Jónsson fyrrverandi formaður KÍ hefur tekið þátt í þessu starfi fyrir hönd Kennarasambandsins og sömuleiðis formaður, varaformaður og hagfræðingur KÍ.

KÍ á í miklu og góðu samstarfi við BHM og BSRB í þessu máli og eru samtökin samstíga í að vinna málið. Samtökin hafa meðal annars sent frá sér sameiginleg álit og bréf til ráðamann þjóðarinnar þar sem skoðun samtakanna á málefningu er útlustuð.

## Efnahagsmál

Efnahagsmál á Íslandi eru að færast í betra horf eftir kreppu síðustu ára. Kemur það meðal annars fram í batnandi tekjuafkomu hins opinbera samkvæmt nýlegum tölum Hagstofu Íslands. Ekki eru þó öll vandræði að baki. Vonast hafði verið eftir 2 - 3% hagvexti á árinu 2012 líkt og 2011 en fyrstu tölur Hagstofunnar benda til þess að hagvöxtur á síðasta ári hafi verið um 1,6%. Fjárfestingar eru enn mjög litlar í sögulegu ljósi og ekki eru horfur á því að losað verði um gjaldeyrishöft á næstu misserum. Hægt dregur úr atvinnuleysi sem var um 6% á 2012 í samanburði við 7,5% 2011. Verðbólgan er enn meiri en vonast var til. Hún mælist milli fjögur og fimm prósent á ársgrundvelli um þessar mundir. Launahækkanir félagsmanna KÍ frá því í mars á þessu ári voru á milli þrjú og fjögur prósent og halda því ekki í við ársverðbólgu.

## Símenntunarsjóðir aðildarféлага KÍ

Umsóknum um styrki vegna sí- og endurmenntunar félagsmanna KÍ hélt áfram að fjölga á árinu. Sjóðir gunnskólans og leikskólans þurftu báðir að bregðast við með því að breyta úthlutunarreglum. Þetta var gert með tilheyrandi kynningum og reynt að haga því þannig að ekki hlytist skaði af gagnvart félagsmönnum. Sjóðir framahaldsskólans og tónlistarskólans eru hýstir utan KÍ og nýta ekki þjónustu KÍ nema til miðlunar upplýsinga á heimasíðu KÍ og í öðrum miðlum. KÍ býður sjóðunum að tengjast „Mínum síðum“ KÍ, þannig að viðmót heimasíðu og þjónusta sé sú sama fyrir alla félagsmenn.

Áframhald varð á deilu stjórnar VÍS FF og FS við KÍ. Stjórn VÍS FF og FS stefndi KÍ fyrir héraðsdóm með „innsetningarbeiðni“ og endaði það mál þannig að kröfu VÍS FF og FS var hafnað og sjóðurinn dæmdur til að greiða KÍ kr. 300.000 í málskostnað. Málinu var ekki áfríð til hæstaréttar.

# Skólamáli

## Skólamálaráð

Skólamálanefndir aðildarféлага KÍ mynda skólamálaráð. Hlutverk skólamálaráðs er skilgreint í 30. grein laga sambandsins:

### Framkvæmdastjórn skólamálaráðs

Formenn skólamálanefnda aðildarféлага mynda framkvæmdastjórn skólamálaráðs. Í framkvæmdastjórninni kjörtímabilið 2011 – 2014 sitja:

Anna María Gunnarsdóttir, skólamálanefnd FF, Fjölbrotaskólanum í Breiðholti/KÍ,  
Björg Bjarnadóttir, varaformaður KÍ, formaður Skólamálaráðs,  
Guðný Rut Gunnlaugsdóttir, skólamálanefnd FL/FSL, Krógabóli Akureyri ,  
Guðbjörg Ragnarsdóttir, skólamálanefnd FG, KÍ,  
Hulda Jóhannsdóttir, skólamálanefnd FL/FSL, Króki Grindavík,  
Ingileif Ástvaldsdóttir, skólamálanefnd SÍ, Þelamerkurskóla, Hörgársveit,  
Sigrún Grendal, stjórn FT, KÍ,  
Steinunn Inga Óttarsdóttir, FS, Menntaskólanum í Kópavogi,  
Þórður Árni Hjaltested, formaður KÍ.

Á árinu hætti Guðný Rut Gunnlaugsdóttir FL og Sigrún Grendal FT. Í þeirra stað tóku sæti í framkvæmdastjórninni Guðbjörg Harpa Ingimundardóttir leikskólanum Geislabaugi Reykjavík og Elín Anna Ísaksdóttir Tónlistarskóla Hafnarfjarðar.

### Starfsáætlun

Framkvæmdastjórn skólamálaráðs samþykkti starfsáætlun í upphafi kjörtímabilsins. Starfsáætlunin skiptist í eftirfarandi kafla:

1. Skólastefna KÍ – menntastefna EI,
2. Ný kennaramenntun,
3. Símenntun/starfsþróun,
4. Nýjar aðalnámskrár,
5. Samstarf; innra samstarf, ytra samstarf,
6. Útgáfumál,
7. Fræðslufundir.

### Skólastefna

Á árinu hafa verið sendir út 9 kynningarpistlar um skólastefnu KÍ. Hver kafli skólastefnunnar er krufinn og aðalatriðin dregin fram ásamt því að setja fram spurningar til umhugsunar fyrir félagsmenn. Pistlarnir eru annars vegar sendir til allra félagsmanna og hins vegar til trúnaðarmanna og skólastjórnenda og þeir beðnir um að prenta þá út og hvetja til umræðu til að glæða stefnuna lífi, gera félagsmenn meðvitaðri um hana, auka möguleika á að koma áherslumálum í framkvæmd og að beina athygli að skólastarfi.

## **Fundir og viðfangsefni**

Framkvæmdastjórn skólamálaráðs heldur fundi mánaðarlega og fjallar þar um ýmis erindi og mál samkvæmt skólastefnu og starfsáætlun. Á tímabilinu hafa verið haldnir níu fundir. Helstu mál sem fjallað hefur verið um eru umræður um skólastefnu og kynningu hennar, menntalögin, símenntun/starfsþróun - fagráð, menntastefnu, m.a. grunnþætti menntunar og innleiðing aðalnámskráa, fræðslu- og vinnuumhverfismál, erlent samstarf á sviði skólamála, heildtæka forystu, aðsókn og kynningu á kennaranámi, skýrslu um samþættingu menntunar og atvinnu, mat á skólastarfi, hugsanlegan skólamálaþætti, frumvarp til laga um tónlistarskóla, eflingu list- og verkgreina (samþykkt), starfsemi skólamálanefnda aðildarfélaga KÍ, samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga og Heimili og skóla og undirbúningur fræðslufunda og ársfundar KÍ og skólamálaráðs.

## **Menntastefna – aðalnámskrár**

Tveir fulltrúar úr framkvæmdastjórn skólamálaráðs, Anna María Gunnarsdóttir og Björg Bjarnadóttir, sátu í undirbúningsnefnd mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem skipulagði málþing í samvinnu við KÍ og Samband íslenskra sveitarfélaga um grunnþætti menntunar. Málþingið sem haldið var í ágúst 2012 var skipulagt með það að meginmarkmiði að kennarar og skólastjórnendur lærðu hver af öðrum með því að deila reynslu og tala saman.

Fulltrúar frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu mættu á fund framkvæmdastjórnar og kynntu drög að innleiðingaráætlun nýrrar menntastefnu 2013 – 2015. Í áætluninni kemur meðal annars fram að ráðuneytið hyggst ráðstafa fjármunum í innleiðinguna með ýmsum hætti. Þar á meðal til að styrkja framhaldsskóla sem þess óska til að vinna að skólanámskrárgerð. Í kjölfar kynningarinnar skrifaði KÍ bréf til Sambands íslenskra sveitarfélaga til að benda á nauðsyn sambærilegrar áætlunar um fjárstuðning handa leik- og grunnskólastiginu.

## **Samstarfsnefnd KÍ og HÍ/Menntavísindasvið**

Á tímabilinu hafa verið haldnir tveir fundir í nefndinni. Á fundunum rætt um stöðu og þróun kennaramenntunar og hvernig hægt væri að kynna kennarastarfið og kennaranámið betur til að fá ungt fólk til að sækja um, skipulag vettvangsnáms, samstarf HÍ og aðildarfélaga KÍ í námsnefndum, Menntamiðju, reynslu af nefndarstarfinu og hlutverk til framtíðar og fleira. Fulltrúar KÍ í nefndinni eru Björg Bjarnadóttir, Elna Katrín Jónsdóttir, Guðbjörg Ragnarsdóttir og Svanhildur M. Ólafsdóttir.

## **Símenntun/starfsþróun - Fagráð**

Samstarfsnefnd um símenntun/starfsþróun lauk starfi sínu haustið 2012 með ítarlegri skýrslu um starfsemi nefndarinnar. Nefndin lagði fram tillögu til mennta- og menningarmálaráðherra um að komið yrði á fagráði sem sömu aðilar og skipuðu nefndina ættu sæti í. Fagráðið hefur það hlutverk að greina þarfir skólasamfélagsins, miðla upplýsingum og setja fram hugmyndir um stefnu í símenntun/starfsþróun kennara. Fagráðið var skipað í byrjun mars 2013 og hefur komið einu sinni saman. Í ráðinu sitja 20 fulltrúar, þar af 5 í stýrihópi. Stýrihópurinn á að stjórna vinnunni og fara með framkvæmd verkefna í samvinnu við væntanlegan starfsmann ráðsins og ritstjórn upplýsingaveitu. Fyrstu verkefni fagráðsins verða að skipa stýrihóp, ráða starfsmann og gera verkefna- og fjárhagsáætlun. Í fagráðinu sitja fyrir hönd KÍ: Anna María Gunnarsdóttir FF, Björg Bjarnadóttir KÍ, Guðbjörg Ragnarsdóttir FG, Ingibjörg Kristleifsdóttir FSL, Ólafur H. Sigurjónsson FS, Sigrún Grendal FT og Svanhildur M. Ólafsdóttir SÍ.

## Fræðslufundir skólamálaráðs

Í stað þess að halda fræðslufund skólamálaráðs á haustönn 2012 var ákveðið að boða fulltrúa í skólamálaráði á *Málþing um símenntun kennara* í Háskóla Íslands sem haldið var 19. september. Aðalræðumaður á málþinginu var John MacBeath prófessor emeritus við Cambridge háskóla og flutti hann erindið *The Importance of Continuous Professional Development, some Alternative Routes*. Auk hans voru flutt erindi af hálfu KÍ; Elna Katrín Jónsdóttir, Sambands íslenskra sveitarfélaga; Guðjón Bragason og háskólans; Jón Torfi Jónasson. Mennta- og menningarmálaráðherra Katrín Jakobsdóttir setti málþingið og kynnti í ávarpi sínu áform um að koma á fót fagráði um símenntun/starfsþróun.

Á vorönn 2013 þann 22. mars var haldinn fræðslufundur í samstarfi við Siðaráð KÍ sem bar yfirskriftina *Siðfræði fagmannsins*. Auk skólamálaráðs og siðaráðs var eftirtöldum aðilum boðið að sitja fundinn; stjórn KÍ og stjórnnum aðildarfélaga, fulltrúum í vinnuumhverfis- og jafnréttisnefnd KÍ og fulltrúum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, mennta- og menningarmálaráðuneytinu, HA, HÍ og LHÍ. Fundurinn var blanda af fyrirlestrum og samræðum í hópum þvert á skólastig. Fjórir fyrirlestrar voru fluttir. Anna María Gunnarsdóttir, formaður skólamálanefndar Félags framhaldsskólakennara, flutti erindið *Netsiðareglur – er þörf á þeim?* Kolbrún Þ. Pálsdóttir, lektor við HÍ, flutti erindið *Horft til framtíðar – hvernig skólasamfélag viljum við?* Ólafur Páll Jónsson, dósent við HÍ, flutti erindið *Grunnþættir nýrrar menntastefnu og snertifletir við kennarasiðferði* og Ægir Karl Ægisson, formaður Siðaráðs KÍ, flutti erindið *Fagmennska og siðfræði/siðareglur*. Fundargestir voru um fimmtíu. Hljóðupptaka af fundinum og glærur fyrirlesara eru á vef KÍ.

## Samstarf

Formaður og varaformaður KÍ áttu fund með skólamálanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga til að kynna skólastefnu KÍ og ræða almennt um samstarf á vettvangi skólamála. Meginumræðuefni fundarins voru um nýja kennaramenntun, símenntun/starfsþróun og ytra mat á skólastarfi.

Ketill Magnússon formaður Heimilis og skóla var boðaður á fund skólamálaráðs til að ræða um hugsanlegt samstarf samtakanna og KÍ. Ketill kynnti starf samtakanna og farið var yfir áherslur um samstarf heimila og skóla í skólastefnu KÍ.

## Framundan

Undirbúningur vegna næstu kjarasamninga er hafinn hjá öllum aðildarfélögum KÍ. Áætlað er að tengja kjarasamningsgerðina við auknar menntunarkröfur og aðrar kröfur sem gerðar eru til kennara á 21. öld, m.a. um þróun skólastarfs og breytta kennsluhætti á grundvelli nýrrar tækni og þekkingar. Fagráðið mun stíga fyrstu skrefin í starfsemi sinni og endurskoðun skólastefnu KÍ verður á dagskrá framkvæmdastjórnar næsta vetur þar sem þing KÍ verður haldið að ári. Innleiðing aðalnámskráa er verkefni sem félagsmenn standa frammi fyrir og ekki er fyrirséð hvernig til tekst þar sem skortur á fjármagni hamlar verulega. Þessi helstu verkefni eru viðamikil og vandasöm og munu lita allt starf KÍ bæði á kjara- og skólamálavettvangi.

# Frá þingkjörnum sjóðum, nefndum og ráðum

## Orlofssjóður KÍ

**Formaður:** Elís Þór Sigurðsson

**Aðalmenn:** Guðmundur Björgvin Gylfason varaformaður, Ólöf Jónsdóttir, Sigurður Halldór Jesson, Eydís Eypórsdóttir, Helga Charlotte Reynisdóttir og Erla Stefanía Magnúsdóttir. Eydís lét af störfum haustið 2012 en Edda Guðmundsdóttir tók sæti sem aðalmaður í stjórn.

**Varamenn:** Edda Guðmundsdóttir, Ólöf Inga Andrédóttir og Edda Lára Kaaber.

Á fyrsta fundi stjórnar var Guðmundur Björgvin Gylfason kosinn varaformaður og Ólöf Jónsdóttir ritari. Kosin var framkvæmdastjórn en hana skipuðu: Elís Þór Sigurðsson, Guðmundur Björgvin Gylfason og Ólöf Jónsdóttir. Á fundi stjórnar sem haldinn var í byrjun maí 2012 var ákveðið að fella framkvæmdastjórnina niður. Fundir stjórnar á starfsárinu voru alls 9. Fundir framkvæmdastjórnar voru 6 á árinu 2012.

## Starfsmenn:

Hanna Dóra Þórisdóttir framkvæmdastjóri Orlofssjóðs (starfshlutfall 100%),  
Ragnheiður Ármannsdóttir þjónustufulltrúi (starfshlutfall 50%),  
Elís Þór Sigurðsson, formaður Orlofssjóðs, (starfshlutfall 25%),  
Vilborg Ármannsdóttir umsjónarmaður á Sóleyjargötu (starfshlutfall 50%), (Vilborg lét af störfum í október 2012. Í hennar stað tók Ragnheiður Ólafsdóttir við 60% starfi.)  
Einar Clausen umsjónarmaður á Sóleyjargötu (starfshlutfall 50%),  
Ólafur Ómar Hlökkversson umsjónarmaður á Flúðum (starfshlutfall 100%),  
Auður Kolbeinsdóttir starfsmaður á Flúðum (starfshlutfall 100%),  
Karen Grétarsdóttir umsjónarmaður í Kjarnabyggð (starfshlutfall 30%),  
Snorri Freyr Jóhannesson aðstoð við umsjón á Flúðum (starfshlutfall 60%).

## Samþykktir um orlofsmál frá 5. þingi KÍ 6.- 8. apríl 2011

Helstu samþykktir 5. þings eru þessar ásamt samantekt á framvindu þeirra mála.

### Stefnumótun:

- Eftir mikla uppbyggingu í Heiðarbyggð og endurbyggingu húsa í Ásabyggð eru skuldir sjóðsins verulegar.
- Fráfarandi stjórn Orlofssjóðs hefur haft að leiðarljósi að hafa mikið aðhald með rekstri sjóðsins og greiða niður skuldir. Fjárhagsstaða sjóðsins er góð en skuldir hans eru verulegar.
- Rekstur sjóðsins varðandi aðra liði en eigið húsnæði hefur vaxið mikið og er orðinn mjög yfirgripsmikill. Á komandi árum þarf því að greiða skuldir niður og gæta aðhalds í öllum rekstri á vegum sjóðsins.
- Á árinu tókst Orlofssjóði að greiða upp lán sem KÍ hafði veitt sjóðnum. Nú eru eftir skuldir við LSR sem stefnt er að greiða niður á næstu árum.
- Á síðasta ári var gerður þjónustusamningur við skrifstofu KÍ um rekstur Orlofssjóðs, en áfram var leitað leiða til að auka hagsýni í rekstri sjóðsins.

- Á síðasta ári var lokið við endurbætur á 7 eldri húsum í Ásabyggð. Nú er verið að ljúka endurbótum á síðustu þrem húsunum fyrir sumarúthlutun 2013 en húsin voru vandlega yfirfarin og skipt um innbú, gólfefni og fleira.
- Mjög góð nýting er yfir sumartímamann og allar helgar yfir veturinn. Nýting á tímabilinu mars til loka desember var 65%.
- Tryggt verði framboð sumarhúsa og íbúða víða um land til endurleigu fyrir félagsmenn og skoðaðir fjölbreyttari valmöguleikar á vetrarleigu.
- Áfram verði unnið að því að lækka gistikostnað félagsmanna með því m.a. að greiða niður hótलगistingu með hótelmiðum. Stjórn sjóðsins hefur ákveðið að hver félagsmaður geti keypt 10 hótelmiða á ári og er það fjölgun úr 6 gistimiðum í 10.
- Áfram verði unnið að því að auka fjölbreytni orlofstilboða svo sem gönguferðum og niðurgreiðslu fargjalda.
- Orlofssjóður kynni starfsemi sína fyrir félagsmönnum KÍ, hvenær sem tækifæri gefst.

## Eignir Orlofssjóðs KÍ eru:

### Ásabyggð, þrettán orlofshús

Öll eldri húsin í Ásabyggð hafa verið endurnýjuð á síðastliðnum tveim árum. Húsin, sem eru flest frá árunum 1986 til 1989, voru vandlega yfirfarin máluð eða hvíttuð og skipt um innbú, gólfefni og fleira. Einnig voru nokkrir pallar stækkaðir. Árið 2007 var tveimur húsum skipt út og 2009 var það þriðja byggt. Mjög góð nýting er yfir sumartímamann í Ásabyggð og allar helgar yfir veturinn. Heildarnýting á ársgrundvelli er 65%.

### Heiðarbyggð, þrettán orlofshús

Orlofssjóður á þrettán hús í Heiðarbyggð. Rekstur þeirra gekk vel og þau voru mikið notuð á tímabilinu. Húsin hafa komið mjög vel út hvað rekstur varðar og er almenn ánægja með þau hjá félagsmönnum. Húsin í Heiðarbyggð hafa verið mikið bókuð, allar helgar eru fullbókaðar og nýting virka dagar er ávallt að aukast. Nýting á tímabilinu mars til loka desember 64 %.

### Fundasalurinn Fróði í Heiðarbyggð

Fróði, ráðstefnu- og fundarsalur Orlofssjóðs KÍ í Heiðarbyggð var í notkun allt árið. Nýting hans til ráðstefnu- og fundarhalda eykst jafnt og þétt. Salurinn er á jarðhæð Háamóa 2. Á efri hæðinni er orlofsíbúð sem hægt er á að leigja ásamt salnum, nýting íbúðarinnar á tímabilinu mars til loka desember var 51%.

### Kjarnaskógur, fjögur orlofshús

Orlofssjóður á fjögur hús í Kjarnaskógi. Þau eru tvenns konar, annars vegar eldri húsin sem eru númer 4 og 12 (55 m<sup>2</sup>) með þremur svefnherbergjum og svefnplássi fyrir sex og hins vegar nýrri húsin sem eru númer 5 og 7 (70 m<sup>2</sup>) með þremur svefnherbergjum og svefnplássi fyrir átta.

Nýting á tímabilinu mars til loka desember 73%.

### Sóleyjargata 33, fjórar íbúðir og fimm herbergi

Mikil eftirspurn hefur verið eftir leigu á Sóleyjargötunni. Góð nýting hefur verið á húsinu, hún var 84% alla daga. Ekki hefur verið hægt að anna eftirspurn um helgar.



## **Sóleyjargata 25, sex íbúðir**

Í orlofshúsinu eru sex íbúðir (34 - 63m<sup>2</sup>). Góð nýting hefur verið á húsinu eða 86% alla daga. Ekki hefur verið hægt að anna eftirspurn um helgar.

## **Önnur leiga**

### **Sumarleiga / endurleiguhús**

Sumarið 2012 voru 127 orlofshús / leigugeiningar í boði á 67 stöðum víðs vegar um landið. Alls voru 1.368 leiguvikur í boði frá 1/6 – 31/8. Á síðastliðnu ári var 90% nýting á vikuleigu húsum og 81% nýting alla daga sumarsins á flakkarahúsum. Skipting á milli svonefndra flakkarahúsa þar sem félagmenn geta leigt frá einum til sjö daga er 65% á móti vikuleiguhús sem er 35%.

Ferðablað Orlofssjóðs er gefið út í mars á hverju ári. Þar eru kynnt öll tilboð sem félagsmönnum standa til boða hverju sinni. Blaðinu er dreift til allra félagsmanna auk þess að vera birt á vef KÍ og Orlofssjóðs. Ferðatilboð Orlofssjóðs eru einnig kynnt jafnóðum á vef sjóðsins.

### **Hótelmiðar**

Orlofssjóður býður félagsmönnum afsláttarmiða á Icelandair hótelin, Hótel Eddu, Fosshótelin, KEA hótelin og fleiri hótél. Orlofssjóður niðurgreiðir þessa gistingu.

### **Orlofsvefurinn**

Orlofssjóður KÍ skipti um orlofsvef 2012. Vefurinn er einfaldur í notkun og ætti að léttu notendum leitina réttu orlofsmöguleikunum sem í boði eru á vegum Orlofssjóðs. Nýja kerfið heitir Frímann og hafa félagsmenn tekið því vel.

### **Önnur verkefni**

Orlofssjóður gerði samninga við fjölda ferðapjónustuaðila sumarið 2012.

Tíu gönguferðir voru niðurgreiddar fyrir félagsmenn, alls nýttu 90 félagsmenn þessa kosti.

Afsláttarmiðar í flugferðir á áfangastaði Iceland Express og Icelandair voru í boði, seldust 410 afsláttarmiðar frá Iceland Express og 1555 frá Icelandair. Orlofssjóður gerði samning um sölu farmiða með Baldri um Breiðafjörð. Alls seldust 300 slíkir miðar.

Orlofssjóður bauð félagsmönnum sínum til sölu niðurgreidd veiðikort. Alls seldust 417 á árinu.

Orlofshúsin 2013 eru örlítið færri en 2012 en nú blasir sú staðreynd við að sjóðurinn keppir við erlenda aðila sem sækja í að leigja sumarhús á Íslandi. Það hefur valdið því að leiguverð sumarhúsa hefur hækkað. Stjórn Orlofssjóðs hefur tekið þá stefnu að verja meiri fjármunum til að niðurgreiða gönguferðir og flugávísanir fyrir félagsmenn en hingað til.

*Elís Þór Sigurðsson formaður Orlofssjóðs*

## Sjúkrasjóður KÍ

Tilgangur Sjúkrasjóðs KÍ hefur frá upphafi verið að:

- veita sjóðfélögum fjárhagsaðstoð vegna veikinda, slysa og dauðsfalla,
- styðja sjóðfélaga vegna endurhæfingar eftir slys eða sjúkdóma,
- styðja sjóðfélaga í fyrirbyggjandi aðgerðum sem snerta öryggi, heilsufar og heilbrigði þeirra.

Úthlutað hefur verið úr Sjúkrasjóði KÍ reglulega frá 1. nóvember 2001. Tekjur sjóðsins eru samkvæmt kjarasamningum framlög frá launagreiðendum, 0,75% af heildarlaunum nema 0,55% fyrir sjóðfélaga í Félagi grunnskólakennara og Skólastjórafélagi Íslands.

### Stjórn og starfsmenn

Á þingi KÍ 2011 var Kristín Stefánsdóttir FT, kjörin formaður Sjúkrasjóðs og eftirtaldir kjörnir í stjórn sjóðsins: Ásdís Ingólfssdóttir FF, Guðmundur Freyr Sveinsson SÍ, Margrét Þórisdóttir FG og Toby Sigrún Herman FF. Varafulltrúar voru kjörnir: Inga María Friðriksdóttir(FG, Árdís Jónsdóttir FG, Kristín Jónsdóttir FG, Elísabet Siemsen FS og Soffía Þorsteinsdóttir FSL. María Norðdahl og Sigrún Harðardóttir þjónustufulltrúar sinna verkefnum Sjúkrasjóðs í Kennarahúsinu.

Fundir í stjórn Sjúkrasjóðs eru haldnir í síðari hluta hvers mánaðar og þá teknar til afgreiðslu umsóknir um sjúkradagpeninga, umsóknir skv. 6. gr. úthlutunarreglna og aðrar umsóknir sem nauðsynlegt er að sjóðsstjórn fjalli um. Ennfremur staðfestir stjórnin afgreiðslu starfsmanna á öðrum umsóknum sem falla að reglum sjóðsins.

### Úthlutunarreglur og eyðublöð

Samkvæmt reglum um Sjúkrasjóð KÍ ber sjóðsstjórn að endurskoða úthlutunarreglur sjóðsins eigi sjaldnar en árlega. Breytingar á úthlutunarreglum eru háðar samþykki stjórnar KÍ. Úthlutunarreglum var síðast breytt 1. október 2012 þegar fjárhæðir í nánast öllum styrkflokkum voru hækkaðar. Sjóðsstjórn hefur að undanförunni unnið að athugun á því hvort og þá hvernig unnt væri að veita styrki vegna tannlæknakostnaðar án þess að stefna fjárhag sjóðsins í hættu. Jafnframt hefur sjóðsstjórn tekið til athugunar óskir sem borist hafa varðandi líkamsræktarstyrki. Ljóst er að almennir líkamsræktarstyrkir yrðu sjóðnum mjög kostnaðarsamir og myndu leiða til þess að sjóðurinn gæti ekki sinnt þeim skyldum sem reglur um Sjúkrasjóð kveða á um.

Stjórn og starfsmenn sjóðsins fylgjast reglulega með þróun úthlutunarreglna sjúkra- og styrktarsjóða annarra stéttarféлага og eru þær upplýsingar hafðar til hliðsjónar við endurskoðun úthlutunarreglna ásamt því að taka mið af fjárhagsstöðu Sjúkrasjóðs hverju sinni.

### VIRK – Starfsendurhæfingarsjóður

Starfsendurhæfingarsjóður (VIRK) var stofnaður í kjölfar kjarasamninga haustið 2008 og standa að honum öll helstu samtök launamanna og atvinnurekenda. Stjórn Sjúkrasjóðs hefur fylgst með uppbyggingu og þróun sjóðsins en KÍ er einn stofnaðila. Hlutverk VIRK er að draga markvisst úr líkum þess að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku, með aukinni virkni, eflingu starfsendurhæfingar og öðrum úrræðum. Ráðgjöf á sviði starfsendurhæfingar er þjónusta sem er samvinnuverkefni stéttarféлага og VIRK.

Umfang starfsemi VIRK hefur vaxið umtalsvert á undanförunum árum. Tveir starfsendurhæfingarráðgjafar þær Guðleif Birna Leifsdóttir og Kristbjörg Leifsdóttir sinna félagsmönnum KÍ, BHM og SSF og hafa aðstöðu á skrifstofu BHM í Borgartúni 6. Frá upphafi hafa ráðgjafarnir unnið í nánu samstarfi við starfsmenn og stjórn Sjúkrasjóðs. Störf ráðgjafa miðast fyrst og fremst við að gera fólki kleift að vera virkt á vinnumarkaði og að finna lausnir sem henta hverju sinni. Hefur þessi þjónusta gefist mjög vel.

### Tekjur og úthlutanir

Fjárhagsstaða Sjúkrasjóðs hefur á undanförunum árum verið það góð að unnt hefur verið að hækka styrkfjárhæðir nokkuð. Einkum hefur verið lögð áhersla á að hækka sjúkradagpeninga til samræmis við þróun sjúkradagpeninga hjá öðrum sjúkrasjóðum. Á liðnu ári hefur auk þess verið unnt að hækka fjárhæðir í öðrum styrkflokkum. Ef bornar eru saman úthlutanir úr Sjúkrasjóði árin 2011 og 2012 kemur í ljós að sjúkradagpeningar eru um 7 milljón krónum lægri síðara árið og fæðingarstyrkir hafa dregist saman um rúmar 6 milljónir á milli ára. Í báðum tilvikum hefur umsóknnum fækkað á milli ára. Útgjöld vegna annarra styrkflokka hafa hins vegar aukist. Heildarúthlutanir árið 2012 eru þó tæpum 8,6 milljónum lægri en árið 2011.

Heildarúthlutanir árið 2012 skiptust milli styrkflokka sem hér segir:

	Upphæð	%
Meðferðarstyrkir	49.612.200	19.45
Sjúkradagpeningar sjóðfélaga	80.960.176	31.75
Sjúkradagpeningar v/maka og barna	3.157.178	1.24
Fæðingarstyrkir	68.500.260	26.86
Útfararstyrkir	4.000.000	1.57
Heyrnartæki	2.358.828	0.92
Gleraugu	12.473.379	4.89
Laseraðgerðir	6.505.855	2.55
Ættleiðingar	600.000	0.24
Glasafrjóvganir	7.084.457	2.78
Forvarnir	8.667.161	3,40
Kostnaðarsamar læknisaðgerðir	5.632.904	2,21
Aðrir styrkir	5.463.540	1.14
<b>Samtals kr.</b>	<b>255.015.938</b>	<b>100.00</b>

### Kynningarstarfsemi

Á árinu 2012 hefur stjórn Sjúkrasjóðs lagt áherslu á kynningu á Sjúkrasjóði bæði í miðlum KÍ og með kynningu á fundum á vegum aðildarfélaganna sambandsins. Hafa viðbrögð gefið til kynna mikilvægi þess að slá ekki slöku við kynningarstarfið.

Við lok þessa starfstímabils verður að telja fjárhagsstöðu Sjúkrasjóðs KÍ góða en ljóst er þó að svigrúm er lítið til að bæta við nýjum styrkflokkum eða hækka styrkfjárhæðir verulega. Nýir möguleikar á greiningu upplýsinga úr rafrænu skráningarkerfi munu veita sjóðsstjórn aukna möguleika í áætlanagerð og greiningu sem væntanlega á eftir að nýtast vel til að sjóðurinn geti áfram sinnt

hlutverki sínu og stutt þá sem brýnast þurfa á stuðningi að halda. Áfram verður þó væntanlega óvissa varðandi stærstu styrkflokkana, þ.e. fæðingarstyrki og sjúkradagpeninga.

*Kristín Stefánsdóttir, formaður Sjúkrasjóðs*

## Vinnudeilusjóður KÍ

### Stjórn Vinnudeilusjóðs KÍ

Í stjórninni sitja: Ingibergur Elíasson formaður, Elín Mjöll Jónasdóttir, Ghasoub Abed, Guðbjörg Harpa Ingimundardóttir og Guðmundur Björgvin Gylfason. Snorri Heimisson, sem kosinn var til setu í stjórninni á 5. þingi KÍ, baðst lausnar frá setu í stjórninni og tók fyrsti varamaður, Ghasoub Abed sæti hans í ágúst.

### Starfsemi

Fundir eru haldnir einu sinni í mánuði til jafnaðar og störf fyrir sjóðinn eru með sama hætti og verið hefur.

### Tekjur Vinnudeilusjóðs KÍ

Þing Kennarasambands Íslands sem haldið var í Reykjavík 6.- 8. apríl 2011, samþykkti að ekki yrði tekið upp sérstakt gjald í Vinnudeilusjóð KÍ á kjörtímabilinu. Þingið heimilaði þó „stjórn KÍ og stjórn Vinnudeilusjóðs að hefja gjaldtöku að nýju komi til vinnustöðvunar á kjörtímabilinu. Gjaldið skal aldrei nema hærrí fjárhæð en sem nemur 0,5% af föstum launum félagsmanna“. Þetta var í samræmi við eftirfarandi samþykkt stjórnar Vinnudeilusjóðs KÍ sem gerð var á 67. fundi, sem haldinn var 29. september 2009 og sem síðan var staðfest á næsta stjórnarfundum KÍ þar á eftir:

*Komi til vinnustöðvunar hjá aðildarfélagi KÍ á tímabilinu skulu stjórnir KÍ og Vinnudeilusjóðs ákveða hvort 0,45% gjald til Vinnudeilusjóðs skuli innheimt að nýju. Stjórn Vinnudeilusjóðs KÍ samþykkir að á þeim tíma sem gjaldtaka í Vinnudeilusjóð KÍ fellur niður mun Vinnudeilusjóður ekki taka þátt í lögfræðikostnaði KÍ eða greiðslu kostnaðar aðildarfélaganna við gerð kjarasamninga.*

Ekki hefur komið til vinnustöðvunar svo hefja megi iðgjaldagreiðslur á ný. Sjóðurinn hefur því aðeins vaxtatekjur af reikningum í innlánsstofnunum. Þar til frádráttar er fjármagnstekjuskattur og fastur kostnaður svo arðsemin er óveruleg. Meðan sjóðurinn hefur engar tekjur verður ekki greitt úr sjóðnum samkvæmt áðurnefndri samþykkt frá 29. september 2009.

### Fjárfestingarstefna

Fjárfestingarstefnan er óbreytt þar sem farið er eftir ákvæðum í reglum sjóðsins um ávöxtun samkv. 8. gr. en þar segir:

*„Fé sjóðsins skal ávaxta á sem tryggastan hátt og skal stjórnin kappkosta að varðveita verðgildi hans eins og frekast er unnt.“*

Eignir Vinnudeilusjóðs í árslok 2012 voru rúmlega kr 1,4 milljarður og standa nánast í stað krónulega frá fyrra ári og munu gera það meðan ekki er greitt í sjóðinn.

## **Staða Vinnudeilusjóðs**

Vinnudeilusjóður fékk hagfræðing Kí Odd Jakobsson til að taka saman yfirlit um stöðu sjóðsins og gerði hann skýrslu sem nefnist „Kostnaður Vinnudeilusjóðs KÍ vegna gerðar kjarasamninga“. Þar koma fram margar nauðsynlegar upplýsingar um stöðu sjóðsins m.a. að Vinnudeilusjóðurinn gæti í allsherjar verkfalli allra aðildarfélaga veitt félagsmönnum verkfallsbætur í fimm vikur þar til sjóðinn þrýtur. Þar fyrir utan væri væntanlegur kostnaður vegna viðkomandi vinnudeilu. Skýrslan hefur verið kynnt stjórn Kennarasambandsins.

## **Ýmsar nefndir**

### **Vinnuumhverfisnefnd KÍ**

Fulltrúar í nefndinni eru: Sif Stefánsdóttir Sí formaður, Petrea Óskarsdóttir FT ritari, Ásdís Ingólfssdóttir FF, Guðný Anna Þóreyjardóttir FSL og Sigurður Halldór Jesson FG.

Hlutverk vinnuumhverfisnefndar er að:

- Endurskoða og þróa stefnu KÍ í vinnuumhverfismálum,
- skipuleggja og standa fyrir árlegum þemadegi um vinnuumhverfismál félagsmanna,
- skipuleggja ráðgjöf, fræðslu og upplýsingagjöf til félagsmanna um vinnuumhverfismál,
- sálfélagslega álagspætti í vinnuumhverfinu og samskipti á vinnustað,
- annast tilfallandi verkefni sem stjórn KÍ felur nefndinni og falla að verksviði hennar.

Alls hafa verið haldnir fjórir fundir á þessu starfsári. Starf nefndarinnar hefur þróast örlítið frá því sem sett var niður í starfsáætlun í upphafi. Unnið hefur verið að gerð fræðslumyndabanda KÍ í samstarfi við jafnréttisnefnd og Siðaráð. Um er að ræða átta fræðslumyndbönd sem birt verða samtímis á heimasíðu KÍ vorið 2013. Markmið verkefnisins eru að:

- Koma fræðslu til félagsmanna um fagleg mál, starfsumhverfið og líðan í starfi,
- auka fagvitund og þekkingu á áhrifum starfsumhverfisins á vinnu og líðan,
- auka virkni og umræður um fagleg mál og starfsumhverfið,
- bæta vefsíðu KÍ og auka þar með notkun félagsmanna á henni.

Efnistöð höfða til leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólakennara almennt og upplýsingarnar verða hagnýtar í starfi ásamt því að vera gagnlegar kennaranum persónulega. Umfjöllunaratriðin eru:

- Fagsjálfræði og persónusjálfræði,
- samskipti á vinnustað – góður samstarfsfélagi,
- kulnun og streita,
- erfiðar aðstæður og erfiðir einstaklingar,
- jákvæð sálfræði,
- raddvernd og ráð til að draga úr hávaða,
- vinnuvistfræði - líkamsbeiting og vinnustellingar,
- ólík framkoma kennara gagnvart stelpum og stráku.

Í samstarfi við Vinnueftirlitið lét Vinnuumhverfisnefnd KÍ útbúa ítarlegar upplýsingar um hlutverk, skyldur og réttindi bæði félagslegra trúnaðarmanna og öryggistrúnaðarmanna. Þær upplýsingar eru á vef KÍ ásamt því að þær voru sendar öllum trúnaðarmönnum KÍ og skólástjórnendum í byrjun nóvember 2012.

Í kjölfar ráðstefnunnar *Skaðleg áhrif hávaða á rödd, heyrn og líðan í námsumhverfi barna* sem haldin var í október 2012 hefur Vinnuumhverfisnefnd ásamt FL og FSL verið í samstarfi við Valdísí I. Jónsdóttur talmeinafræðing. Samstarfið hefur m.a. falið að þýða finnska gátlista fyrir skóla um varnir gegn hávaða, hugmyndabanka kennara á vef KÍ um ráð til að draga úr hávaða og útgáfu bæklings fyrir kennara. Þann 16. apríl nk. er alheimsdagur raddarinnar og óskar Valdís eftir samstarfi við KÍ um að vekja athygli á kennararöddinni þann dag.

Starfsmaður vinnuumhverfisnefndar er Hafdís D. Guðmundsdóttir þjónustufulltrúi á félagssviði KÍ.

*Sif Stefánsdóttir formaður vinnuumhverfisnefndar*

## **Jafnréttisnefnd KÍ**

Fulltrúar í nefndinni eru:

Hanna Björg Vilhjálmsdóttir FF formaður, Hreiðar Oddsson FG ritari, Egill Óskarsson FL, Erna Káradóttir FSL og Helmut Hinrichsen FS. Ágústa Dröfn Kristleifsdóttir var áður fulltrúi FL í nefndinni en lauk setu í maí 2012 vegna breytingar á aðildarfélagi innan KÍ.

Jafnréttisnefnd vinnur eftir jafnréttisstefnu KÍ 2011-2014. Verkefni nefndarinnar eru að:

- Vera stjórn KÍ til ráðuneytis um jafnréttismál og gera tillögur til stjórnar um aðgerðir í jafnréttismálum,
- endurskoða jafnréttisstefnu KÍ í ljósi nýrra jafnréttislaga. Við endurskoðun verði einnig höfð til hliðsjónar hugmyndafræði mannréttindamála,
- vinna umsagnir um frumvörp og önnur erindi þar sem óskað er eftir álitum KÍ um jafnréttismál,
- hafa forgöngu um samstarf við jafnréttisnefndir annarra launþegasamtaka,
- framfylgja samþykktum fjórða þings KÍ er varða jafnréttismál,
- annast verkefni sem tengjast aðkomu KÍ að alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars,
- annast tilfallandi verkefni sem stjórn KÍ felur nefndinni og falla að verksviði hennar.

Alls hafa verið haldnir fjórir fundir á þessu starfsári. Unnið hefur verið með jafnréttisáætlun KÍ sem var lögð fyrir síðasta ársfund KÍ. Þá hefur nefndin samþykkt ályktun til menntastofnana sem hafa kennaramenntun á sínum snærum. Þar er hvatt til þess að allir kennaranemar fái jafnréttisfræðslu. Jafnréttisnefnd hefur óskað eftir því að öll aðildarfélög KÍ auk stjórnar KÍ samþykki einnig ályktunina.

Hanna Björg formaður situr í samstarfsnefnd ASÍ, BHM, BSRB, KÍ, SSF, Jafnréttisráðs og Jafnréttisstofu sem undirbýr baráttudag kvenna 8. mars 2013. Starfsmaður nefndarinnar er tengiliður KÍ við sambærilegan samstarfshóp á vegum Menningar- og friðarsamtakanna MFKÍ. Þá sat Hanna Björg fyrir hönd KÍ í starfshópi á vegum innanríkisráðuneytisins þar sem unnið var að tillögum um aðgerðir gegn klámvæðingu.

Jafnréttisnefndin fer nú yfir jafnréttisáætlanir skóla, hvort slíkar áætlanir séu til og hvort þær séu þá sýnilegar. Jafnréttisnefnd tekur einnig þátt í samstarfi nefnda KÍ um fræðslumyndbönd KÍ sem gefin verða út í vor. Formaður nefndarinnar verður viðmælandi í einu myndbandi og ræðir ólíka framkomu kennara gagnvart stelpum og stráku.

Starfsmaður jafnréttisnefndar er Hafdís D. Guðmundsdóttir þjónustufulltrúi á félagssviði KÍ.

*Hanna Björg Vilhjálmsdóttir formaður jafnréttisnefndar*

## **Siðaráð**

Fulltrúar í ráðinu eru:

Ægir Karl Ægisson FS formaður, Mjöll Mattíasdóttir FG ritari, Anna Metta Norðdahl FL, Ágúst Ágústsson FF og Sigrún Þórsteinsdóttir FSL.

Linda Ósk Sigurðardóttir var fulltrúi FL og formaður siðaráðs þar til í september 2012. Guðlaugur Pálmi Magnússon var áður fulltrúi FS í nefndinni en lauk setu í nóvember 2012 vegna breytingar á aðildarfélagi innan KÍ.

Hlutverk siðaráðs er að:

- Auka þekkingu um siðfræði og félagsleg álitamál,
- endurskoða og útfæra siðareglur reglulega og viðhalda umræðum um þær,
- kynna siðareglur og móta sameiginlegan skilning á siðareglum,
- vinna með stjórn og ráðum að því að kynna viðhorf stéttarinnar til faglegra álitamála,
- vera stjórn KÍ til ráðuneytis um álitamál sem varða siðareglur sambandsins,
- annast tilfallandi verkefni sem stjórn KÍ felur ráðinu og falla að verksviði þess.

Alls hafa verið haldnir þrjú fundir á þessu starfsári. Helstu viðfangsefni siðaráðs á starfsárinu hafa verið:

- **Upplýsingaöflun.** Fyrirspurnir til háskólanna um hlut siðfræði í kennaramenntun, bæði grunnmenntun og endurmenntun og hafa svör fengist að mestu. Í framhaldinu hafa kviknað spurningar um hvort KÍ þurfi að efla tengsl við kennslustofnanir og kennaranema.
- **Kynning.** Stefnt er að því að kynna siðreglurnar og ræða siðferðisleg álitamál með því að útbúa upplegg fyrir frjálsa umræðu kennara sem gæti farið fram í fundartímum skóla með stuðningi skólastjórnenda og starfsmannafélaga.
- **Samvinna.** Samvinna um fræðslumyndbönd með vinnuumhverfisnefnd og jafnréttisnefnd. Einnig þátttaka í fræðslufundi skólamálaráðs KÍ undir yfirskriftinni „Siðferði fagmannsins“. Þar fjallaði formaður ráðsins um fagmennsku og hlut siðareglna í fagmennsku.

Starfsmaður siðaráðs er Hafdís D. Guðmundsdóttir þjónustufulltrúi á félagssviði KÍ.

*Ægir Karl Ægisson formaður siðaráðs*

## Erlent samstarf

### NLS (Nordiske Lærerorganisationernes Samråd) <http://www.nls.info/>

Norræn kennarafélög hafa átt með sér mikið og náið samstarf undanfarin ár á vettvangi NLS. Á deildar- og stjórnarfundum skiptast fulltrúar félaganna á skoðunum um málefni kennara og skólustjóra á Norðurlöndunum. Fulltrúar KÍ í stjórn NLS eru Þórður Á. Hjaltested, Björg Bjarnadóttir og Aðalheiður Steingrímsdóttir.

Svíþjóð fór með forystuhlutverk samtakanna árið 2012. Tveir hefðbundnir stjórnarfundir NLS voru haldnir í Svíþjóð árið 2011, annar í Stokkhólmi í maí, hinn í Gautaborg í desember. Þema fyrir árið var „Professionella lärare – En väg till bättre kvalitet i skolan“. Meginefni vorfundarins var um gæði í skólastarfi og möguleika kennara á starfsframa innan skólanna. Á haustfundinum var rætt um kjarasamninga og starfskjör og jafnrétti í skólastarfi.

Í júní var haldið Sumarnámskeið NLS á Selfossi undir yfirskriftinni „Professionella lärare – En väg till bättre kvalitet i skolan“, en það er haldið á tveggja ára fresti. Fulltrúar (12) KÍ sátu ráðstefnuna. Ingibjörg Kristleifsdóttir formaður FSL var fararstjóri fyrir hönd KÍ. Námskeiðið gekk vel og hefur sjaldan fengið jafnháa einkunn í endurmati þátttakenda. Ísland skartaði sínu fegursta veðri þennan tíma og voru allar skoðunarferðir vel heppnaðar. KÍ hafði veg og vanda af undirbúningi í samstarfi við skrifstofu NLS. Í undirbúningsnefnd sem stjórn KÍ skipaði voru Sesselja G. Sigurðardóttir, Þröstur Brynjarsson, Guðbjörg Ragnarsdóttir og Ingibjörg Kristleifsdóttir.

Deild skólustjórnenda innan NLS hittist á Íslandi í byrjun september í Reykjanesbæ. Met þátttaka var á fundinum en um 50 stjórnendur mættu frá öllum Norðurlöndunum. Sí og FSL höfðu veg og vanda að skipulagningu og undirbúningi fundarins.

Haldnir voru tveir fundir í leikskóla- grunnskóla- og framhaldsskóladeildum samtakanna á Svíþjóð. Fulltrúar aðildarféлага KÍ í einstökum deildum samtakanna eru Ólafur Loftsson og Guðbjörg Ragnarsdóttir í grunnskóladeild, Ingibergur Elíasson og Anna María Gunnarsdóttir í framhaldsskóladeild og Fjóra Þorvaldsdóttir og Sveinlaug Sigurðardóttir í leikskóladeild.

Skrifstofa samtakanna er í Helsingfors í Finnlandi. Framkvæmdastjóri NLS er Anders Rusk frá Finnlandi. Á skrifstofu NLS starfar einnig María Hæggman.

### Evrópusamstarf og Alþjóðasamband kennara

KÍ á aðild að Alþjóðasambandi kennara Education International, EI og að Evrópudeild sambandsins ETUCE. KÍ fylgist aðallega með starfsemi EI með því að lesa efni sem berst frá sambandinu og með þátttöku í afmörkuðum verkefnum svo sem úttektum og könnunum. Slík viðfangsefni hafa á þessu starfstímabili fjallað um starfskjör og réttindamál, jafnréttismál, menntastefnu og áhrif kreppunnar á menntun. Vinna við þátttöku KÍ í svona könnunum dreifist á ýmsa starfsmenn og svið innan KÍ.

Fulltrúi KÍ/Íslands í stjórn Evrópudeildar IE – ETUCE er Þórður Á. Hjaltested. Fundir stjórnar eru venjubundið tveir á ári, annar í mars og hinn í október, en geta þó verið fleiri. ETUCE efnir reglulega til ráðstefna um málefni sem eru í deiglu. Megin efni beggja funda ársins voru helguð efnahagskreppunni í Evrópu og áhrifum hennar á menntamál. Einnig var mikið fjallað um undirbúning



aðalfundar / þings ETUCE sem haldið var í nóvember. Evrópudeildin fjallar einnig um mál sem eru í vinnslu á Evrópuþinginu og tilskipanir Evrópusambandsins.

Í mars 2012 var haldin önnur boðsráðstefna EI og OECD í New York í samstarfi við menntamálayfirvöld í USA. Boðið er ráðherrum 20-25 „bestu“ landanna í menntamálum innan OECD. Formaður KÍ tók þátt, en lykilaðili í þátttöku hvers lands er fulltrúi stéttarfélags kennara sem á aðild að EI og ráðherra eða staðgengill hans. Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra sótti fundinn. Þema ráðstefnunnar var skólastjórnun, starf kennarans á 21. öldinni og nýliðun kennara. Kennarasambandið lét þýða skýrslu OECD á íslensku. Skýrslan var grunnur þeirrar umræðu sem fram fór á fundinum. Með í för voru einnig Jón Torfi Jónasson (HÍ), Sigurjón Mýrdal (mrn) og Ásta Magnúsdóttir (mrn).

Í nóvember 2012 var haldið þing ETUCE í Budapest í Ungverjalandi. Fundinn sóttu fyrir hönd KÍ; Þórður Á. Hjaltested, Björg Bjarnadóttir, Ingibjörg Kristleifsdóttir (FSL) og Svanhildur M. Ólafsdóttir (SÍ). Ingibjörg og Svanhildur voru skráðar á þingið sem „observer“ eða gestir á kostnað sinna aðildarfélaga.

Á þinginu lauk sameiningarferli í hið nýja ETUCE sem getið var um í ársskýrslu 2012. Samþykkt var stefna ETUCE í ýmsum málaflokkum, meðal annars um fagmennsku, skólastjórnun, starfsþróun, menntun ungra barna, vinnuumhverfismál og fleira sem finna má á heimasíðu ETUCE. Fulltrúar norrænu þjóðanna áttu með sér mjög gott samstarf undir hatti NLS á fundinum.

Í janúar 2013 var haldin ráðstefna EI í London um menntamál og kreppuna í samstarfi við OECD. Formaður KÍ sótti ráðstefnuna en þar var einnig fagnað 20 ára afmæli EI.

Í mars 2013 var haldin þriðja boðsráðstefna EI og OECD í samstarfi við menntamálayfirvöld í Hollandi. Boðið er ráðherrum 20-25 „bestu“ landanna í menntamálum innan OECD. Formaður KÍ tók þátt, en lykilaðili í þátttöku hvers lands er fulltrúi stéttarfélags kennara sem á aðild að EI og ráðherra eða staðgengill hans. Katrín Jakobsdóttir komst ekki, en Arnór Guðmundsson var fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis á fundinum. Þema ráðstefnunnar í ár var gæði í skólastarfi, hvernig eru gæði metin og mat á skólastarfi. Með í för voru einnig Sigurður Kristinsson (HA), Júlíus Björnsson frá Námsmatsstofnun og Ólafur Loftsson sem var skráður sem „observer“ af hálfu FG.

## Lokaorð

Starfsemi KÍ hefur verið í föstum skorðum frá síðasta ársfundi. Átaki nýrrar forystu í að bæta innviði starfseminnar hefur verið haldið áfram. Fræðsla til starfsmanna hefur gengið vel og þátttaka í verkefninu „Virkur vinnustaður“ hefur skilað árangri. Unnið hefur verið að stefnumótun og eru drög að starfsmannastefnu sambandsins langt komin í vinnslu og verða lögð fyrir stjórn KÍ öðru hvoru megin við sumarleyfi. Undirbúningur svokallaðrar forystufræðslu er í gangi, en vonir standa til að hún muni fara af stað næsta haust. Með því vill KÍ styrkja þá sem veljast til trúnaðarstarfa fyrir sambandið og treysta með því starf KÍ, aðildarfélaganna og félagsstarf svæða- og félagsdeilda um land allt.

Mikið álag hefur verið síðastliðið starfsár á samningarnefndum aðildarfélaga. Forysta KÍ þakkar þeim sérstaklega framlag sitt í þágu félagsmanna. Þetta hefur ekki alltaf verið dans á rósum og hefur oft á tíðum þurft að beita mikilli þolinmæði í garð viðsemjenda. Framundan er mikil vinna tengd kjarasamningum allra aðildarfélaga og mun það lita starfsemi félaganna og KÍ næsta starfsárið. Einnig mun undirbúningur næsta þings KÍ sem haldið verður í apríl á næsta ári verða fyrirferðarmikill í

starfsemi KÍ komandi starfsár. Samskipti við opinbera aðila eru mikil þar sem töluvert er leitað til KÍ þegar ræða á útfærslur í menntamálum í landinu og fleira. Vitaskuld hefði mátt sjá meiri fjármuni lagða til menntamála, en við vitum að fjármagn sem er til ráðstöfunar er af skörnum skammti. Við viljum sérstaklega þakka gott samstarf við mennta- og menningarmálaráðherra Katrínu Jakobsdóttur en hún hefur í ræðu og riti staðið með menntun í landinu og gert sitt ýtrasta til að verja málaflokkinn á erfiðum tímum.

Nú eru kosningar til Alþingis framundan. Það er mikilvægt að skóla- menntamál séu í umræðunni fyrir og eftir kosningar. Það þarf að leggja aukna áherslu á skóla- og menntamál og meira fjármagn til þeirra. Það þarf að skila skólunum aftur til baka því fjármagni sem búið er að skera niður síðustu fjögur árin. Auk þess þarf að gera enn betur til að auka menntunarstig þjóðarinnar og með því efla þjóðarhag. Við hvetjum alla félagsmenn til þess að veita frambjóðendum aðhald sem og þeim sem kjörnir verða til þess verkefnis að stýra landinu næstu 4 árin. Við erum sérfræðingar í menntun, við menntum Ísland. Á okkar röddum ber að taka mark á.

Fyrir Kennarasamband Íslands starfar rösk sveit starfsmanna sem leggur áherslu á góða og lipra þjónustu. Við þökkum starfsmönnum fyrir elju og dugnað í störfum sínum í þágu KÍ. Við þökkum öllum kjörnum fulltrúum og þeim fjölmörgu félagsmönnum sem komið hafa að starfseminni fyrir framlag sitt í þágu KÍ og fyrir gott samstarf við forystu KÍ og skrifstofu.

*Þórður Á Hjaltsted formaður KÍ  
Björg Bjarnadóttir varaformaður KÍ*